

Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands

Már Jónsson forstöðumaður

Starfsskýrsla um árið 2009

lögð fram á ársfundi 4. febrúar 2010

Stjórn og starfsmenn

Ársfundur Sagnfræðistofnunar 2009 var haldinn 12. mars. Engar breytingar voru gerðar á stjórn, en þar sitja Már Jónsson og Valur Ingimundarson fyrir hönd kennara og Ólafur Arnar Sveinsson sem fulltrúi meistaranema. Stjórnin hélt þrjá fundi á árinu en réð ráðum sínum þess á milli í tölvupósti og óformlegum samræðum. Aðild Sagnfræðistofnunar að Hugvísindastofnun er óbreytt og situr forstöðumaður stjórnarfundis. Þar var unnið allnokkurt starf við endurskoðun á reglum og skilgreiningu á nýjum styrktarsjóðum innan Hugvísindasviðs.

Verkefni

Vefsíðan *Söguslóðir* var sem fyrr í umsjá Guðmundar Jónssonar prófessors. Pálmi Gautur Sverrisson meistaranemi annaðist umsýslu og hefur jafnframt sinnt bókalager og bókasafni. Sagnfræðinemar sem standa að útgáfu *Sagna* höfðu aðstöðu í Guðnastofu og aðgang að síma ásamt tengingu við internet. Guðmundur Jónsson er fulltrúi Sagnfræðistofnunar í stjórn Miðstöðvar munnlegrar sögu og formaður hennar. Stærsta söfnunarverkefni sem miðstöðin hefur ráðist í, „Minningar úr kvennabaráttunni“, var leitt til lykta. Meðal annars var búin til heimildamyndin „Konur á rauðum sokkum“ sem hlaut áhorfendaverðlaunin á Skjaldborgarhátíðinni á Patreksfirði. Safn Miðstöðvarinnar var opnað almenningi 1. desember með viðhöfn. Nýr verkefnisstjóri var ráðinn á árinu, Brynhildur Sveinsdóttir, þjóðfræðingur og MA í hagnýtri menningarmiðlun. Unnið hefur verið að lokaáfangi við sögu íslenskrar utanlandsverslunar en sviplegt fráfall Halldórs Bjarnasonar 9. janúar síðastliðinn tefur frágang og óvíst hver tekur við umsjón verksins. Rit um meginniðurstöður Reykholtssverkefnis er í undirbúningi og ritstýrir Helgi Þorláksson því, ásamt öðrum.

Bókaútgáfa

Í ritröðinni Sagnfræðirannsóknnum, sem Helgi Þorláksson ritstýrir, kom út bók Huguinar Reynisdóttur, *Saga viðskiptaráðuneytisins 1939-1994. Frá höftum til viðskiptafrelsis*. Tvö

verk eru til athugunar og endurskoðunar. Ólafur Arnar Sveinsson er tekinn við meistaraþrúfritgerðaröð stofnunarinnar af Val Frey Steinarssyni og vinnur að undirbúningi næstu rita.

Fyrirlestrar og ráðstefnur

Árlegan minningarfyrirlestur Jóns Sigurðssonar hélt Miroslav Hroch, prófessor í sagnfræði við háskólann í Prag, mánudaginn 30. mars. Heiti erindisins var „Why Did They Win?“ og fjallaði Hroch um það á hvern hátt þjóðernishópar í Evrópu hafa krafist viðurkenningar sem fullmótaðar þjóðir. Á málstofu daginn eftir kynnti Hroch nýjustu rannsóknir sínar undir yfirskriftinni „Trying to find a consensual explanation of nation formation“. Þá hélt Klaus Petersen, prófessor í samtímasögu við Syddansk universitet í Óðinsvéum, fyrirlestur 3. september á vegum stofnunarinnar sem nefndist „Coca-Cola and C. Wright Mills.

Americanisation in the Era of the Danish Welfare Society, ca. 1945–1970“. Stofnunin kom að tveimur málþingum á árinu. Hið fyrra var haldið 23. ágúst í tilefni af því að árinu var öld liðin frá fæðingu Jóns Jóhannessonar, prófessors í sagnfræði. Stóðu Sagnfræðistofnun og afkomendur Jóns að þinginu. Hið síðara var haldið 21. nóvember í tilefni af 200 ára afmæli byltingarinnar 1809 undir heitinu „Jørgen Jørgensen: Bíræfinn sólargapi eða lýðræðishetja?“ Hafði Anna Agnarsdóttir veg og vanda af skipulagi.

Landsnefnd

Nefndin tók því rólega eftir Söguþing 2006 og Norræna þingið 2007 en hittist í haust til að leggja á ráðin um næsta Söguþing, hugsanlega 2011 eða 2012. Ákveðið var að skipa undirbúningsnefnd með fulltrúum Sagnfræðistofnunar, Sögufélags, Sagnfræðingafélags, Sögukennarafélags, Þjóðskjalasafns og ReykjavíkurAkademíu.

Rannsóknir

Helsta starfsemi Sagnfræðistofnunar eru rannsóknir þeirra sem vinna við hana. Frá rannsóknum einstaklinga er aðeins sagt lauslega hér, enda gerð nákvæm grein fyrir þeim í *Ritaskrá Háskóla Íslands*:

Anna Agnarsdóttir hélt sjö fyrirlestra, fjóra hérlendis og þrjá erlendis, í Oxford, Lincoln á Englandi og Turku. Einn bókarkafli skrifaði hún í íslenskt sagnfræðirit og eina grein. Greinar bíða birtingar erlendis. Ferðdagbækur Magnúsar Stephensen koma út 17. mars. Anna sinnir þremur rannsóknarverkefnum: Joseph Banks, CLIOHRES og utanlandsverslunarsögu Íslands - en öllum á þeim að ljúka á þessu ári.

Eggert Þór Bernharðsson vann einkum að rannsóknarverkefninu „Sagan til fólksins. Margmiðlun og sagnfræði“. Kannaðir eru margvíslegir kostir á miðlun sögulegs efnis og mismunandi framsetningu eftir miðlum. Fjallað er um samspil ólíkra miðla og mögulega samtvinnun efnis í margmiðlun.

Gavin Lucas published a major monograph on the archaeological research at the Viking settlement of Hofstaðir in Mývatnssveit; he has also continued post-excavation analysis on the excavations at Skálholt and is writing a book about the nature of the archaeological record.

Guðmundur Hálfðanarson vinnur að ritun sögu Háskóla Íslands sem kemur út á aldarafmæli skólans árið 2011. Í tengslum við þær rannsóknir hefur hann tekið þátt í stjórn norræns rannsóknarverkefnis um háskólasögu sem staðið hefur fyrir tveimur alþjóðlegum málþingum. Guðmundur vann áfram að stjórn öndvegissetsins CLIOHRES sem styrkt er af 6. rammaáætlun ESB. Er hann einn af þremur ritstjórum ritraðar verkefnisins, en á síðasta ári gaf rannsóknarnetið út níu bækur. Hann sat í ritstjórn tímaritsins *Scandinavian Journal of History* fyrir Íslands hönd og tók við sem aðalritstjóri í upphafi árs 2010.

Guðmundur Jónsson tók þátt í störfum norræna öndvegissetursins NordWel og skipulagði málþing á vegum þess í Háskóla Íslands í mars er nefndist *The Political Economy of Welfare: Labour Markets, Family and Globalisation*. Guðmundur vann að rannsóknum á neysluviðhorfum Íslendinga á ofanverðri 20. öld, tengslum efnahagslegs óstöðugleika og velferðarkerfis og efnahagskreppum í kenningalegu og sögulegu samhengi; birtust niðurstöður þeirra á prenti í þrem ritum. Guðmundur tók þátt í tveim alþjóðlegum verkefnum tengdum matarsögu, *Nordic Health - Whole Grain Food (HELGA)* og *The International Commission for the Research into European Food History (ICREFH)*. Í Miðstöð munnlegrar sögu, þar sem Guðmundur er stjórnarformaður, var unnið að söfnun og rannsóknum á munnlegum heimildum.

Gunnar Karlsson hélt áfram við tvö stærstu verkefni sín frá fyrri árum og kom út á prent bókum um þau bæði. Í ritsafninu *Handbók í íslenskri miðaldasögu* kom út þriðja bindi, *Lífsbjörg Íslendinga frá 10. öld til 16. aldar*, 397 bls. Í *Sögu Íslands* kom út tíunda bindi með 312 bls. langri ritgerð eftir Gunnar, „Atvinnubylting og ríkismyndun 1874–1918“. Um þriðja rannsóknarefnið, tilfinningarétt í sögu Íslendinga, skrifaði hann grein í fyrra hefti *Sögu* á árinu og hélt erindi um það á Hugvísindafingi í mars og Víkingafundi í ágúst. Um sitthvað annað fjallaði Gunnar í fyrirlestrum á árinu, fræðimennsku Jóns Jóhannessonar og Ólafíu Einarsdóttur, ritheimildir um Alþingi á Þingvöllum og fleira.

Halldór Bjarnason vann áfram við sögu utanríkisverslunar. Hann birti ritdóm í *Sögu* og skrifaði grein um alþingi á 18. öld í bókina *Ísland í aldanna rás 1700-1799*. Hann flutti erindi

á Hugvísindapíngi og á málþíngi Félags um átjándu aldar fræði um fornleifarannsóknir síðustu ára og saga Íslands. Halldór varð bráðkvaddur 9. janúar 2010.

Helgi Skúli Kjartansson starfaði, eins og að undanfögnu, í ritnefnd landbúnaðarsögu og ritstjórn þíngræðissögu, sem hvorug kom þó út á árinu. Það gerðu hins vegar *Heimtur*, afmælisrit Gunnars Karlssonar, þar sem Helgi var meðal ritstjóra og birti ritgerð um stytt lagaákvæði í Grágáshandritum. Annað Grágásarefni, lagauppsögu lögsögumanns, ræddi hann um á alþjóðlegu fornsagnapíngi. Um önnur efni birti hann fimm ritgerðir og hélt tvö erindi. Sumt af því telst til íslensku fremur en sögu, en hér má nefna ítardóm í *Sögu* um Sýnisbók íslenskrar alþýðumenningar og smágrein í *Skírni* um Ólaf Friðriksson.

Helgi Þorláksson er í stjórn tveggja verkefna sem Sagnfræðistofnun stendur að, sem eru *Saga íslenskrar utanlandsverslunar frá landnámi til loka 20. aldar* og *Reykholtswerkefnið*. Lokaáfangar beggja verkefna eru hafnir. Helgi er með öðrum ritstjóri lokarits um Reykholtswerkefnið þar sem helstu niðurstöður verða dregnar saman. Hann tekur þátt í sérstöku verkefni um seljabúskap Reykholtstaðar sem nefnist *Seljalönd á miðöldum í Reykholti í Borgarfirði* og öðru sem nefnist *The Realm of Norway and its Dependencies as a Political System*, og situr í stjórnnum beggja verkefna. Hann skipulagði málstofuna *Ísland og Hansasambandið* á Hugvísindapíngi og flutti þar fyrirlestur, og eins á 16. víkingafundi. Hann skipulagði fræðilega þáttinn fyrir athöfn á vegum Sagnfræðistofnunar vegna aldarafmælis Jóns Jóhannessonar og eins við aðra athöfn þegar Ólafía Einaradóttir varð heiðursdoktor, og flutti fyrirlestur í bæði skiptin. Hann flutti enn tvo fyrirlestra, birti tvö rit á prenti, ritstýrði riti í ritróðinni Sagnfræðirannsóknnum og sat í dórnefnd um stöðu í sagnfræði við NTNU, Þrándheimsháskóla.

Ingi Sigurðsson vann einkum að rannsóknnum á hugmynda- og menningartengslum Íslendinga og Norðmanna frá 1814 fram til síðari heimsstyrjaldar og á upplýsingunni á Íslandi. Enn fremur stundaði hann rannsóknir á handskrifuðum borgfirzku blöðum.

Kristjana Kristinsadóttir tók upp þráðinn við athugun á lénsmonnum og skjalasafni þeirra, auk þess sem á árinu voru gefnar út á vef Þjóðskjalasafns nýjar leiðbeiningar um skjalavörslu sem hún samdi.

Már Jónsson vann að bók á ensku um Árna Magnússon og handritasöfnun hans, sem kemur út í ritróðinni *The Viking Collection* í Danmörku. Hann birti grein um handritaskrifarann Ásgeir Jónsson í afmælisriti Gunnars Karlssonar, aðra um hvalveiðar í Norðurhöfum í upphafi 17. aldar í tímaritinu *Itinerario* og ádrepu um alþjóðlegar útgáfur fornra texta í hausthefti *Sögu*. Hann hélt fyrirlestra í Berlín, Tromsø og Kuressaare í Eistlandi,

auk Reykjavíkur, Borgarness, Þingvalla og Leirubakka við Hekklurætur. Már er fulltrúi Sagnfræðistofnunar í stjórnarnefnd Þjóðskjalasafns.

Orri Vésteinsson hélt áfram rannsóknum sínum á landnámi og vann að ritun bókar um það efni. Hann stjórnaði úrvinnslu uppgrafter á Sveigakoti og ritstýrði ráðstefnuriti Hvalseyjarráðstefnunnar 2008. Hann birti greinar um íslenska fornleifafræði í ritgerðasöfnum og tímaritum og hélt fyrirlestra á ráðstefnum á Nýja Sjálandi og Írlandi.

Ólöf Garðarsdóttir tók þátt í þátt í norrænu rannsóknarverkefni um barnæsku (Frihet og likhet for velferdsstatenes barn? Nordiske barndommer 1900-2000) sem styrkt hefur verið af NOS-HS. Hún lauk við ritun bókar um barnæsku í samvinnu við aðra þátttakendur og kemur bókin væntanlega út um mitt ár 2010. Að auki tók hún þátt í alþjóðlegu verkefni um manntöl (NAPP) og PHOENIX - European Thematic Network on Health and Social Welfare Policy. Hún sótti ráðstefnu í Aþenu innan vébanda þess rannsóknarnets. Ólöf ritaði tvær greinar í erlend tímarit, eina um barnæsku í norska tímaritið *Barn* og aðra um heilbrigðismál í tímaritið *History of the Family*.

Ragnheiður Kristjánsdóttir lauk við tvo bókarkafla um sögu þingræðis á Íslandi og hóf vinnu við ritun bókar á ensku um sögu Íslands. Auk þess gekk hún frá til útgáfu og endurskoðaði gamalt handrit að bókarkafli í rit um sögu kommúnismans á Norðurlöndum. Þá hélt hún fyrirlestra um rannsóknir sínar á sögu íslenskrar vinstrihreyfingar á millistríðsárunum.

Steinunn Kristjánsdóttir hélt áfram fornleifarannsóknum á miðaldaklaustrinu að Skriðu í Fljótsdal og birti greinar um hana í *Endurfundum, Riti Guðfræðistofnunar og Tímariti hjúkrunarfræðinga*. Steinunn ritstýri einnig, ásamt Guðmundi Ólafssyni, bókinni *Endurfundum* sem Þjóðminjasafn gaf út í tengslum við samnefnda sýningu. Þar voru m.a. sýndir gripir og gögn frá rannsókninni á Skriðuklaustri. Steinunn vann einnig að opnun tveggja annarra sýninga um rannsóknina á Minjasafni Austurlands og Gunnarsstofnun. Niðurstöður úr rannsókninni voru kynntar með veggspjaldakynningum á Hugvísindapíngi ásamt Má Jónssyni og á ráðstefnu í Bradford ásamt doktorsnema í fornleifafræði. Ein ritrýni var birt eftir Steinunni í *European Journal of Archaeology*. Hún ritstýrði einni skýrslu í ritröð Þjóðminjasafns og þremur í skýrsluröð Skriðuklausturs-rannsókna. Þriðja hefti *Ólafíu*, rits FFÍ, kom út árinu undir ritstjórn Steinunnar. Hún flutti sjö fyrirlestra um rannsóknirnar á Skriðuklaustri hér heima og erlendis, auk þess að flytja erindi við veitingu heiðursdoktorsnafnbótar til Ólafíu Einarsdóttur við HÍ. Steinunn er formaður fagráðs hug- og félagsvísinda hjá Rannís.

Sveinbjörn Rafnsson vann áfram að rannsóknum á fornri íslenskri sagnaritun og lögum, en áætlað er að gefa þær út á bók á árinu 2010 eða hinu næsta. Hann birti einnig fræðilega grein um skáldið Jónas Hallgrímsson og minjavernd á 19. öld.

Valur Ingimundarson stundaði rannsóknir á íslenskum öryggis- og utanríkismálum. Hann skoðaði sérstaklega þá stjórn mála-, stjórnkerfis- og efnahagshagsmuni sem hafa legið öryggistefnunni til grundvallar eftir brottför Bandaríkjahers og áhrif efnahagshrunsins á utanríkisstefnuna og samskipti við önnur ríki. Hann hélt fyrirlestra um þessi efni á ráðstefnum í New York, Newport, Árósum, Dublin og Reykjavík. Hann birti birti m.a. grein í bresku tímariti um íslenska öryggistefnu og norðurslóðir.

Þorsteinn Helgason fékkst við námsefni í sögu, bæði með eigin námsefnisgerð og rannsóknum á námsefni. Afraksturinn birtist annars vegar í kennslubókinni *Miðaldafólk á ferð* (ásamt kennsluleiðbeiningum og hljóðbók) sem er með heimssögulegu sniði, ætluð miðstigi grunnskóla, og hins vegar í rannsóknarritinu *Opening the Mind or Drawing Boundaries? History Texts in Nordic Schools*, sem unnin var í samvinnu við Georg-Eckert-Institute for International Textbook Research og kom út hjá forlaginu V&R-unipress í Göttingen í árslok (skráð 2010). Bókin er afrakstur af norræna verkefninu „Sagan í námsgögnunum“ (Historia i läromedlen) sem Þorsteinn hefur stýrt í fjögur ár. Hann á kafla í bókinni um gagnrýna hugsun og sögukennslubækur. Annar hluti rannsóknarverkefnisins er væntanlegur í útgáfu á vegum Malmö höskola. Mest vann Þorsteinn þó að rannsókn á minningu og sögu Tyrkjaránsins sem sér fyrir endann á.

Þór Whitehead lauk að mestu handriti að bók um öryggismál íslenska ríkisins, sem verður væntanlega gefin út á þessu ári. Þá lauk hann við handrit að heimildakvikmynd um árásina á Goðafoss árið 1944, ásamt Jóni Ársæli Þórðarsyni, en myndin var frumsýnd í sjónvarpi á jólum.

Fjárhagur

Yfirlit yfir fjárhag ársins 2009 er lagt fram á fundinum ásamt ársskýrslu. Margrét Guðmundsdóttir, verkefnisstjóri hjá Hugvísindastofnun, hefur umsjón með fjárreiðum Sagnfræðistofnunar og gerir það fádæma vel. Bein fjárveiting frá Hugvísindastofnun var kr. 500 þúsund, en sú upphæð nam kr. 1100 þús. árið 2008. Lækkunin er liður í þeirri stefnu stjórnar Hugvísindastofnunar að sem mestur hluti fjárveitingar til undirstofnana sé afkasta- og verkefnatengdur. Þannig fékk stofnunin kr. 139 þús. úr Rannsóknasjóði Hugvísindastofnunar vegna málþinga og heimsókna erlendra fræðimanna og kr. 1.780.980 sem mótframlag vegna

utanaðkomandi styrkja (en voru kr. 1.758 þús. árið 2008). Auk þess fékk stofnunin kr. 150.000 úr Rannsóknasjóði vegna útgáfu og var sú upphæð lögð inn á verkefnisnúmer útgáfunnar. Heildarhlutur stofnunarinnar fyrir árið 2009 var því kr. 2.569.980 en var kr. 2.858 þús. árið áður. Stofnunin sem slík stendur vel fjárhagslega en skuldir vegna bókaútgáfu eru miklar, enda halli á öllum titlum síðustu ára. Þó að stofnunin annars vegar og útgáfan hins vegar hafi hvor sitt verkefnisnúmerið þarf að skoða þau saman til að átta sig á fjárhag stofnunarinnar. Staðan í heild í árslok 2009 er kr. 1.225.293 í plús en var kr. 76.394 í mínus í byrjun árs. Þar sem útgáfan er nú í mínus um kr. 2.347.584 en stofnunin sjálf í plús um kr. 3.572.877 er nauðsynlegt að stofnunin leggi útgáfunni til umtalsvert framlag á árinu 2010.